



Hestamannafélagið Glaður

Stóra-Vatnshorni
371 Búðardal
www.gladur.is

Starfsskýrsla Glaðs til UDN - starfsárið 2023

Starfsemi Hestamannafélagsins Glaðs var heldur minni en undanfarin ár á árinu 2023. Aðalfundur var haldinn 12. apríl í Dalabúð og stjórn félagsins er þannig skipuð :

Valberg Sigfússon, formaður
Þórður Ingólfsson, gjaldkeri
Sjöfn Sæmundsdóttir, ritari
Skjöldur Orri Skjaldarson, meðstjórnandi
Þórarinn Birgir Þórarinsson, meðstjórnandi
Svanhvít Gísladóttir er varaformaður og situr stjórnarfundum skv. hefð.

Fundargerð aðalfunda og lög félagsins er að finna á vefnum okkar; www.gladur.is

Ársreikningi og félagatali hefur ekki verið verið skilað í gegnum skilakerfi ÍSÍ en það verður gert fyrir lok útgefins skilafrests

Félagar eru alls 156. Eins og hjá öðrum hestamannafélögum eru allir félagar jafnframt skráðir iðkendur.

Félagsstarf Glaðs byggist að mestu leiti á starfi í nefndum sem hver fer með sinn málaflokk. Þessar nefndir eru nú starfandi í félaginu: Fræðslu- og æskulýðsnefnd, mótanefnd, reiðveganefnd, tölvu- og tækninefnd, skemmtinefnd

Mótahald

Einungis eitt mót var haldið á árinu, töltmót í reiðhöllinni þann 11. mars. Niðurstöður allra móta Glaðs má sjá á vef félagsins.

Fræðslu- og æskulýðsstarf

Sumarnámskeið var haldið fyrir börn og unglinga í Búðardal 27-30 júní og þátttaka var allgóð. Kennari var Laufey fríða Þórarinsdóttir. Í lok námskeiðsins var opið hús í reiðhöllinni, grillaðar pylsur og teymt undir börnum. Það mæltist vel fyrir og fjölmennt í höllinni.

Annað

Áfram var haldið með nýjan reiðveg við hesthúsahverfið en því verkefni er enn ekki lokið þar sem fjármagn er ekki mikið á hverju ári. Styrkur kemur til verksins af reiðvegafé.

Skemmtinefnd stóð fyrir hópferð á afmælishátíð hestamannafélagsins Snæfellinga 2. desember. Leigður var langferðabíll og dágóður hópur Glaðsfélaga fór og fagnaði 60 ára afmæli nágrennafélagsins.

Áfram var haldið við að bæta aðstöðuna í reiðhöllinni, keypt var notað gámahús og komið fyrir í aðstöðuhluta reiðhallarinnar. Þar er nú upphituð aðstaða með salerni. Myndarlegur styrkur kom frá UDN til kaupanna. Í Byrjun mars 2024 var svo reiðgólfið tekið í gegn og sett nýtt undirlag.

Aðalfundur hefur verið auglýstur þann 11. apríl. n.k.

Fyrir hönd Hestamannafélagsins Glaðs 3. apríl 2023,

Valberg Sigfússon, formaður